

Þróun bankaviðskipta á Íslandi

7 stig

Ásgeir Jónsson

Þróun bankakerfa

- Fjármálaeignir sem skipta um hendur á fjármálamörkuðum eru yfirleitt fremur einsleitar á milli landa.
- Fjármálakerfi eru aftur á móti misleit á milli landa – hér skipta hliðarskilyrði sögunnar máli.
- Fjármálakerfi hvers lands er afkvæmi fjármálasögu þess og mótað í fyrri fjármálakrísum.
- Flest bankakerfi hafa þó fylgt ákveðnu þróunarferli sem lengst er komið í Bretlandi – enda er London fjármálahöfuðborg heimsins. Sjá Dow (1999) eða Chick (1986).
- Við hvert stig sem bankakerfið bætir við sig, eykst hagkvæmni bankaviðskipta, nýting fjármuna og framleiðni vex í efnahagslífinu.

Sjö stig í þróun bankarekstrar

- 1. Bein fjármálaleg milliganga (Pure financial intermediation)**
- 2. Bankainnistæður notaðar sem gjaldmiðill**
- 3. Tilkoma millibankamarkaðar**
- 4. Tilkoma lánveitanda til þrautar**
- 5. Skulda- og fjárstýring (Liability management)**
- 6. Millilandavæðing – heimsvæðing (Internationalization – globalization)**
- 7. Skuldaskjalavafningar (securitisation)**

Stig 1: Bein fjármálaleg milliganga

- Bankar eða einstakir auðmenn lána út sinn eigin sparnað en innlánsstofnanir eru ekki virkar.
- Einhverjir slíkir lánveitendur eru til staðar í nær öllum samfélögum, óháð því hversu þróað hagkerfið er.
- Borgun í fríðu eða myntum úr góðmálmum.
- Enginn bankamargfaldari $M0=M1=M2=M3$.
- Lánveitingar takmarkaðar við slegna eða prentaða peningaútgáfu ríkisins eða framboð á góðmálmum
- Sparnaður verður að koma á undan fjárfestingu.
- Lánveitingar yfirleitt fremur smáar í sniðum og til skamms tíma, til þess að tryggja áhættudreifingu.

Stig 1 á Íslandi

- Lengi tíðkast að efnaðir bændur láni út fjármagn. Verslanir stunduðu einnig innskriftarviðskipti.
- Yfirleitt einn eða fleiri „heimabankar“ í hverri sveit sem sáu um smá lán til neyslujöfnunar eða til kaupa á jörðum eða bústofni
- Þessir „heimabankar“ uxu þó ekki til þess að verða formlegar innlánsstofnanir né fóru verslanir út í bankarekstur.
- Reikningsverslun, bjöguð viðskiptakjör og frumstæð fjármálumgjörð ollu viðvarandi skorti á opinberum gjaldmiðli sem takmarkaði útlán heimabankanna (þar sem enginn peningamargfaldari var til staðar).
- Danir voru einnig áhugalausir um stofnun íslenskra fjármálastofnana, en voru tortryggir ef aðrar þjóðir hugðust hasla sér hér völl.
- Frumstætt fjármálakerfi og bið eftir stigi 2 í fjármagns- viðskiptum hefur án efa tafið framþróun landsins um áratugi.

Brúnastaðabankinn

- Jóhann Pétursson hreppstjóri á Brúnastöðum í Skagafirði var umsvifamikill bankamaður á árunum 1870-1924.
- Hann lánaði til bænda, kaupmanna og embættismanna með 5-6% vöxtum til þess að brúa bilið á milli neyslu og tekna.
- Á sama tíma voru innlánsvextir í Landsbankans 4%.
- Jóhann lánaði raunar allt á milli himins á himins jarðar – hvort sem um var að ræða sauðatað, hey, korn, tóbak eða brennivín.

Við dauða Jóhanns árið 1926 rann höfuðstóll Brúnastaðabanka í Sparisjóð Sauðárkróks með stofnun styrktarsjóða sem áttu m.a. að styðja við fátæk börn í Lýtingsstaðahreppi. (Sparisjóður Sauðárkróks rann inn í Búnaðarbankann um 1970)



Stig 2: Bankainnistæður sem gjaldmiðill


- Innlánsstofnanir búa til seljanleika
 - Breyta skammtímainnistæðum í langatímalán
 - Breyta mörgum smáum innstæðum í stór lán.
 - Lækkun viðskiptakostnaðar einstaklinga og fyrirtækja
- Stærðarhagkvæmni í fjárhagslegri milligöngu
 - upplýsingaöflun, eftirfylgni, áhættudreifing.
- Peningamargfaldarinn virkur – fjármálakerfið getur vaxið með aukningu bankainnistæðna.
- Bankakerfið tengir saman þá sem spara og þá sem fjárfesta og tengir efnahagslífið saman í einu greiðsluneti.
- Forsenda fyrir nútímavæðingu hagkerfisins.

Stig 2 á Íslandi

- Þrátt fyrir stofnun Landsbankans 1887 og sparisjóðir skytu upp kollinum (24 sparisjóðir voru starfandi árið 1900) var lítil hreyfing á bankaviðskiptum fyrir stofnun Íslandsbanka 1904.
- Fyrir þann tíma stóð Landsbankinn einn í Reykjavík með takmarkanir á útlánunum og verulega áhættufælni.
- Fjármálakerfið svæðisbundið með heimabönkum og sparisjóðum sem stóðu stakir, höfðu litla burði og tengdust lítt.
- Árið 1900 eru veltiinnlán (ótímatengdar bankainnistæður) aðeins um 29% af seðlum og mynt í umferð.
- Það þýðir að greiðsluþjónusta var að litlu leyti í höndum innlánsstofnana og galdur nútíma bankaviðskipta var ekki enn farinn að verka í íslensku hagkerfi.
- Eigið fé Íslandsbanka var vitaskuld dágóð viðbót við fjármálakerfið en mestu skiptir að með tilkomu hans verður til bankakerfi úr mörgum stökum stofnunum.
- Árið 1904 myndast bankakerfi með tilkomu Íslandsbanka.


Með tilkomu Íslandsbanka verða bankainnistæður gjaldmiðill

Hlutfall seðla og myntar í umferð á móti M1




Útlán taka einnig við sér 1904

Raunútlán á mann m.v. verðlag 1930



Héraðsbundinn bankarekstur gefur eftir fyrir hagkvæmni stærðarinnar árið 1904 (og aftur eftir 1998)

Hlutfall sparisjóðanna af heildarútlánunum




Stig 3: Millibankamarkaður

- Eftir að viðskiptabankar hafa vaxið og myndað fjármagnskerfi er næsta skref að mynda millibankamarkað um heildsölu á fjármagni
- Bankarnir sjá sameiginlegan hag í því að lækka lausafjáráhættu hvers annars með millibankalánnum.
- Peningamargfaldari stækkar sökum þess að þörfin fyrir lausafé hefur minnkað.
- Peningamargfaldarinn hefur hraðari virkni
- Mun meiri arðsemi bankakerfisins og minni vaxtamunur.
- Heildsala með lausafé á millibankamörkuðum forsenda fyrir sköpun seljanleika á eignamörkuðum og virka verðmyndun, t.d. á gjaldeyri.
- Virkur millibankamarkaður forsenda fyrir því að Seðlabankinn geti beitt markaðsaðgerðum til þess að hafa áhrif vaxtastigið


Bankabólan 1914-1918

- Í öðrum löndum óx fjármálakerfið frá frumkvöðlum og sparisjóðum.
- Á Íslandi var bankastarfsemi pólitískt project og rekstri ríkisbanka eða samstarfsverkefni ríkis og einkaaðila líkt og með Íslandsbanka.
- Tilkoma Íslandsbanka olli byltingu árið 1904 og skilaði landinu miklum framförum á skömmum tíma.
- Árið 1913 kom nýr bankastjóri til sögunnar H. Tofte.
- Hann var sendur af Privatbankan, helsta viðskiptabanka og eiganda Íslandsbanka og breytti viðskiptalíkani bankans.
- Eiginfjárhlutfall lækkað, víxilútgáfa margfölduð og ennfremur voru bónusgreiðslur auknar verulega.
- Og svo þegar gullinnlausn var afnumin árið 1914 hófst gríðarleg peningaprentun.
- Þetta var uppskrift að bankabólu – efnahagsreikningur Íslandsbanka fimmfaldaðist á milli 1913 og 1919 og hlutfall víxla af útlánum hækkaði úr 30-40% af lánabók og upp í 60-70%.
- Seðlaprentunin sjöfaldaðist og verðlag fjórfaldaðist


Breyting með nýjum bankastjóra 1913




Bónusgreiðslur – tengdar veltu



Útlánabóla



Peningaprentun úr böndunum



Stig 3 á Íslandi

- Eftir að Íslandsbanki var tekinn til gjaldþrotaskipta árið 1930 og Útvegsbankinn stofnaður á rústum hans, var lagður grunnur að bankakerfi með þremur stórum viðskiptabönkum í ríkiseigu.
- Síðar bættust við smærri bankar á vegum einstakra atvinnugreina sem voru fremur smáir og vanmáttugir og vörðu hagsmuni þeirrar greinar sem þeim var ætlað að þjóna.
- Í þessu nýja kerfi lögðust allar framfarir niður í íslenskum fjármagnsviðskiptum í hálföld.
- Skortur á millibankaviðskiptum sem líklega hafa komið í veg fyrir myndun virkra eignamarkaða hérlendis og sérhæfðra fjármálafyrirtækja þar til á níunda áratug tuttugustu aldar.
- Bankarnir urðu fyrst og fremst tæki stjórnvalda í pólitískri stefnumótun fyrir einstakar atvinnugreinar og jafnvel einstök kjördæmi

Stig 3 á Íslandi

- Millibankamarkaður komst á í frumstæðu formi árið 1980.
- Fram til þess hindraði verðbólga og rentusókn ríkisins millibankaviðskipti.
- Ríkið setti á lausafjarkvaðir sem bundu fé bankanna á neikvæðum raunvöxtum.
- Engin þörf talin á verðmyndun á frjálsum fjármagnsmörkuðum.
- Skortur á gagnkvæmni á milli bankanna skapaði alls kyns bjögun í fjármagnsviðskiptum.
- Nútímalegur millibankamarkaður með bæði krónur og gjaldeyri varð til árið 1998 eftir umbætur leiddar af Seðlabanka Íslands.


Stig 4: Lánveitandi til þrautarvara

- Allir bankar eiga við óbrúaðan tímavanda (maturity mismatch) að etja á milli útlána (eigna) og innlána (skulda).
- Lausafjárforði bankanna er yfirleitt aðeins brot af heildarskuldbindingum.
- Bankarnir geta því ekki á neinum tíma staðið skil á skuldum sínum sé eftir þeim kallað.
- Þróað bankakerfi hlýtur að kalla eftir Seðlabanka eða sambærilegri stofnun er tryggir innra greiðsluhæfi bankakerfisins.
- Seðlabankinn hefur það hlutverk að veita lán til þrautarvara þegar kerfisbundin lausafjárskortur skapast.
- Seðlabankinn tryggir einnig ytra greiðsluhæfi með gjaldeyrisvarasjóði og gjaldeyrisviðskiptum á reikning ríkisins.
- Áhersla á eitthvert þjóðhagslegt jafnvægi eða peningalegt akkeri, t.d. gullfót, fastgengi, verðbólgu etc.


Óviðbúið peningalegt sjálfstæði

- Íslendingar voru alls óviðbúnir peningalegu sjálfstæðu árið 1918 enda hafði landið verið í myntbandalagi Norðurlanda frá 1875.
- Seðlabanki landsins var danskur viðskiptabanki – Íslandsbanki – sem lenti á milli vita eftir fullveldi.
- Íslandsbanki sjálfur hafði ekki tekið hlutverk sitt sem seðlabanki alvarlega heldur litið á sig sem einkabanka undir verndarvæng danska seðlabankans.
- Eftir 1918 naut Íslandsbanki hvorki stuðnings Dana né Íslendinga og veslaðist upp og dó í bankaáhlapi 1930.
- Íslendingar höfðu einfaldlega ekki stofnanir til að takast á við peningalegt sjálfstæði og opið efnahagslegt umhverfi.
- Stofnanalegir þverbrestir í peningamálum leiddu til þess að landið lokaði sig frá alþjóðamörkuðum árið 1931

Bóla - gjaldeyriskrísá



Erlendar eignir Íslandsbanka – gjaldeyrisforði landsins




Stig 4 á Íslandi

- Landsbankinn tók við sem Seðlabanki árið 1928 en hugsaði einnig eins og viðskiptabanki og lét peningaprentun stjórnast af viðskiptasjónarmiðum.
- Réðu samkeppnishagsmunir því að Landsbankinn neitaði Íslandsbanka um millibankalán eða lán til þrautarvara árið 1930 en vísaði þess í stað á ríkissjóð?
- Peningaprentun Landsbankans skapaði stað víxlverkun á milli peningaprentunar, útpenslu í ríkisfjármálum, vaxtar í eftirspurn og síðan viðskiptahalla er leiddu til gjaldeyrisvandræða.
- ...sem síðan leiddu til tímabundinna aðgerða – s.s. fjármagnshafta.
- Á eftir fylgdu innflutningshöft sem reyrðust þéttar og þéttar að íslensku efnahagslífi með hverju árinu sem leið, í því augnmiði að spara gjaldeyri.
- Við lok seinni heimsstyrjaldar var Ísland ein ríkasta þjóð Evrópu en gat þó ekki flutt inn í ávexti nema aðeins fyrir jólin!


Orsakir erfiðleikanna

- Benjamín J. Eiríksson benti á það árið 1938 að orsakir erfiðleikanna í atvinnu og gjaldeyrismálum á kreppuárunum væri að leita til áreksturs í starfsemi Landsbankans sem Seðlabanka og sem viðskiptabanka.
- Lánsfjárbensla Landsbankans kom fram eins og peningaprentun er var í andstöðu við fastgengismarkmið ríkisstjórnar og leiddi til þráláts viðskiptahalla og gjaldeyrisskorts.
- Landsbankinn reyndi að veikum mætti að tryggja greiðsluhæfi landsins með gjaldeyrisvarasjóði, en það um gjaldeyrishöft í upphafi kreppunnar til þess að ná því markmiði. Það var upphaf haftakerfisins.
- Skortur á Seðlabanka hefur án efa framlengt haftakerfið um 10-20 ár.



Vaxtastjórn Landsbankans

Vextir Landsbanka Íslands 1886-1970



Þegar tíminn stöðvaðist

- Íslensk bankapróun stöðvaðist árið 1930 með yfirtöku ríkisins á bankakerfinu og fjármagnshöftum ári síðar.
- Íslensk bankareynsla skildist frá öðrum þjóðum og þróuð viðskiptabankahefð náði ekki að myndast.
- Með þessu sköpuðu Íslendingar sér sérstöðu sem lokað fjármálakerfi á forræði ríkisins sem leiddi bæði til fjármálalegrar vanþróunar á tuttugustu öld sem og ofvaxtar og hruns á þeirri tuttugustu fyrstu.
- Seðlabanki Íslands stofnaður árið 1960 og sinnti hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara og sem umsjónarmaður fyrir ytra greiðsluhæfi landsins
- Seðlabankinn hóf að einhverju leyti vaxtastýringu eftir 1987 eftir að vextir innlánsstofnana voru gefnir frjálsir
- Nútímalegar markaðsaðgerðir Seðlabankans hefjast ekki fyrr en eftir tilkomu millibankamarkaðarins um og eftir 1998.

Stig 5: Skulda- og fjárstýring

(Liability management)


- Stig 5 hefst eftir að bankaviðskipti hafa verið gefin frjáls og bönkunum er frjálst að þróa fjölhæfða fjármálaþjónustu og nýta sér samlegðaráhrif ólíkrar fjármálaþjónustu.
- Eignahliðin verður ráðandi í starfseminni – starfsemin takmarkast ekki af innlánnum. Fjárfestingar og útlán eru ákveðin og síðan fjármögnunin fundin í framhaldi, s.s. með heildsölukaupum á fjármagni, s.s. í gegnum millibankamarkaði eða skuldabréfaútboðum.
- Bankarnir færa út kvíarnar frá hefðbundinni greiðsluþjónustu og yfir í fjölhliða fjármálaþjónustu, s.s. öfluga eigna- og lausafjárstýringu fyrir aðila utan bankans.
- Samhliða þurfa bankarnir að fást við samkeppni frá öðrum tegundum fyrirtækja, s.s. tryggingafélaga, lífeyrissjóða, sérhæfðra fjármálafyrirtækja sem sækja á sömu mið og berjast hatrammlega um markaðshlutdeild.

Stig 5 á Íslandi

- Íslenskt bankakerfi komst á stig fimm eftir 1998.
- Undanfari: vaxtafrelsi eftir 1985, frelsi í fjármagnsflutningum við útlönd eftir árið 1995, tilkoma nútímalegs millibankamarkaðar með krónur og gjaldeyri árið 1998 og síðan einkavæðing bankakerfisins sem átti sér stað í þrepum á árunum 1998-2003.
- Bankakerfið er nú í auknum mæli orðið vettvangur fyrir háskólamenntaða sérfræðinga á ýmsum sviðum og býður upp á mjög fjölbreytta fjármálaþjónustu bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.


Bankabyltingin 1998

Raunútlán á mann m.v. verðlag 1930



Heildsölufjármagn kemur til skjalanna

Innlánsstofnanir - hlutfall innlána af útlánum



Stig 6: Alþjóðavæðing (globalization)

- Alþjóðavæðing (globalization) byggir á því að viðkomandi banki byggir "local presence" á viðkomandi markaði og fjármagnar fjárfestingar og útlán að miklu leyti með staðbundnum hætti.
- Þannig er dregið úr þeirri áhættu sem fylgir greiðsluflæði á milli landa (transfer risk) en þess í stað eykst þjóðríkisáhætta (country risk).
- Þetta er m.a. ein afleiðing af þeirri samþjöppun sem hefur átt sér stað í bankarekstri í heiminum á síðari árum, en með þessu hætti er bæði hægt að nýta stærðar- og breiddarhagkvæmni (economies of scale and scope) en samt sem áður byggja á staðbundnum upplýsingum og framleiðsluþáttum.

Stig 6: Millipjóða- og alþjóðavæðing


- **Alþjóðlegum bankaviðskiptum er yfirleitt skipt í tvennt. (Sjá McCauley, Ruud og Woolridge (2002))**
- **Millipjóðavæðingu (internationalization)**
 - Bankar fjármagna sig í útlöndum og lána út á heimamarkaði – eða öfugt.
- **Alþjóðavæðingu (globalization)**
 - Banki með höfuðstöðvar í einu landi fjármagnar sig erlendis og lánar einnig út erlendis. Ennfremur, algengt að bankar byggji "local presence" á heimamörkuðum annarra landa.
- Alþjóðleg bankakaviðskipti hófst með millipjóðavæðingu upp úr 1970– með sérstakri áherslu á eurobond markaðina - en hafa snúist yfir í alþjóðavæðingu eftir 1990.

Stig 6: Af hverju alþjóðavæðing?

- Alþjóðavæðing fjármálaviðskipta byggði á þeirri skoðun að virðisauki í bankarekstri í framtíðinni verði til hjá stærstu aðilunum sem eru ráðandi á hverju sviði.
- Hægt er að byggja upp stóran efnahagsreikning og ráða sérhæft menntaðan vinnukraft í höfuðstöðvunum til þess að bjóða bæði sérhæfða og fjölbreytta bankþjónustu.
- Á sama tíma er lögð áhersla á að nýta sér svæðisbundnar upplýsingar og mannauð – sem bankaviðskipti hljóta ávallt að byggja á.
- Þessi þróun hefur ekki látið neitt frjálst bankakerfi eftir ósnortið. Annað hvort hafa heimabankarnir farið í útrás eða innrás hefur verið gerð af erlendum bönkum.
- Á stærri mörkuðum hefur vitaskuld hvoru tveggja gerst en á þeim smærri hefur borið mun meira á innrás erlendra banka – í mörgum löndum A- Evrópu hefur innlenda bankakerfið verið tekið yfir af erlendum aðilum.


Fjármálaútrásin hófst þegar Ísland fékk Aaa

Lánshæfi Íslands samkvæmt Moody's




Íslensk millilandavæðing hófst eftir 1995

Erlend endurlán sem hlutfall af innlendum útlánnum bankakerfisins



Útrásin virtist “virtuous cycle”


Bankaeignir – sem hlutfall af landsframleiðslu Íslands



Íslensku bankarnir voru stórir miðað við Ísland en litlir miðað við erlenda banka.


Stærstu bankar Norðurlanda eftir virði hlutafjár – 31 mars 2008

Fjárhæðir í EURm




Íslensku bankarnir voru með heildsölufjármögnun

Deposit to loan ratio for 2007



Cost income ratio in 2006



Source: Company data


¹ Net interest income / Average assets

Íslenska bankahrunið


- Íslendingar byggðu stórt alþjóðlegt bankakerfi á smæsta gjaldmiðli heims.
- Þegar fjármálakreppan skall á 2007 hættu utanaðkomandi aðilar að líta á íslenska bankakerfið sem alþjóðlegt heldur risastórt íslenskt fjármálakerfi.
- Allt í einu rann upp fyrir mönnum að íslensku bankarnir höfðu engan trúverðugan lánveitanda til þrautarvara sökum stærðar sinnar.
- Seðlabanki Íslands getur líka aðeins prentað krónur en bankarnir þurftu evrur og pund.
- Þegar ljóst var að hinir stóru alþjóðlegu seðlabankar myndu ekki veita lausafjáraðstoð var draumurinn úti og bankarnir féllu.
- Ísland lenti í tvíburakreppu – gjaldeyris- og bankakrísu.

Fjármagnið leitar til Íslands


Viðskiptajöfnuður og fjármagnsjöfnuður, % of GDP



Gjaldeyrisbóla



Gjaldeyrisbóla



Stig 7: Skuldavafningar (securitisation)

- Þeir vaxtamöguleikar sem kynntir voru til sögunnar í fimmta stigi hafa verið nýttir til fullnustu og bankarnir þurfa jafnvel að fást við timburmenn vegna hraðrar útpenslu, s.s. útlánatöp.
- Bönkunum er nauðsyn að auka markaðshæfi eigna sinna með sk. skuldavafningum (e. securitization) þar sem lánnum er vafið um í markaðshæf skuldabréf.
- Aðalávinnurinn felst í minni áhættu vegna seljanleika auk þess sem t.d. hægt er að flytja hægt að flytja vaxtaáhættu af bönkunum yfir á lífeyrissjóði – einnig möguleiki á því að auka gírur
- Í þessum nýja bankaheimi eru það reglur um eigið fé (CAD) sem eru notaðar til þess að hafa hemil á útlánnum þar sem lausafé er ekki lengur takmarkandi þáttur.
- Samhliða eykst starfsemi utan efnahagsreiknings (off balance sheet activity), s.s. með sölu afleiða, þóknunum eða sérhæfðri ráðgjöf sems skapar ráðgjöf án þess binda eigið fé bankans.
- Athugið að í Evrópu komu skuldavafningar á undan alþjóðavæðingu.

Stig 7 á Íslandi

- Skuldavafningar höfðu ekki náð að ryðja sér til rúms hérlendis þegar undirmáslánakrísan kippti fótunum undan þessari starfsemi á erlendum vetvangi.
- Bankarnir þrír hafa því ekki tapað neinum fjárhæðum á slíkum vafningum!
- Hins vegar var stór hluti af skuldabréfaútgáfu bankanna frá 2006 selt inn í skuldabréfavafninga í BNA.
- Skuldahliðin er aftur orðin ráðandi í bankarekstri – fjármögnunin takmarkar umfang eignahliðarinnar.

Hvar er íslenska bankakerfið nú?

- Aftur til fortíðar??????